



Lokaverkefni - Hjallastefnan



6. maí 2024

Verkmenntaskóli Austurlands – Vorönn 2024 – LOKA3VE5

Magnfríður Jóna Kristjánsdóttir

Kennari: Birgir Jónsson

Leiðbeinandi: Ragnheiður Ólafsdóttir skólastýra leikskólanum Hnoðraholti, Garðabæ

Efnisyfirlit

| | | |
|----------|--|-----------|
| 1 | Inngangur | 1 |
| 2 | Hjallastefnan | 1 |
| 2.1 | Hugmyndafræði – yfirlit..... | 2 |
| 2.2 | Saga | 4 |
| 2.3 | Rekstrarform Hjallastefnunnar | 4 |
| 2.4 | Stefnur | 5 |
| 2.5 | Svona er Hjallastefnan – skipulag daganna..... | 5 |
| 2.6 | Meginreglur..... | 6 |
| 2.7 | Kynjanámskrá..... | 7 |
| 2.8 | Vinnustaðurinn | 8 |
| 2.9 | Skólar..... | 8 |
| 3 | Hvað segja rannsóknir | 9 |
| 3.1 | Almennt | 9 |
| 3.2 | Börnin..... | 9 |
| 3.3 | Foreldrar | 10 |
| 3.4 | Starfsfólk | 11 |
| 3.5 | Samantekt úr ofangreindum rannsóknum..... | 12 |
| 4 | Aðferðafræði verkefnisins | 13 |
| 4.1 | Aðferðin..... | 13 |
| 4.2 | Framkvæmd..... | 13 |
| 4.3 | Úrvinnsla, greining og mat..... | 15 |
| 5 | Niðurstöður | 15 |
| 5.1 | Svör fyrirverandi nemenda | 15 |
| 5.2 | Svör foreldra..... | 16 |
| 5.3 | Svör núverandi starfsfólks..... | 17 |
| 5.4 | Svör fyrirverandi starfsfólks | 18 |
| 5.5 | Rannsóknarspurningin og tilgáturnar | 19 |
| 6 | Umræða | 20 |
| 7 | Lokaorð | 21 |
| | Heimildir | 22 |

1 Inngangur

Þetta lokaverkefni er um Hjallastefnuna. Höfundur var sjálf nemandi í Hjallastefnuskóla og er að vinna þar í leyfum og því áhugavert að tengja saman reynslu og efni sem til er um stefnuna. Sagt verður frá Hjallastefnunni, um hvað hún snýst og skoða upphaf hennar. Sendur var spurningalisti til fyrrverandi nemenda og foreldra þeirra. Einnig var sendur spurningalisti á fyrrverandi og núverandi starfsfólk þar sem spurt var um upplifun þeirra á Hjallastefnunni. Bækur um Hjallastefnuna, vefurinn hjalli.is og ritgerðir á Skemmunni, voru notuð fyrir heimildir í fræðilega kaflanum um Hjallastefnuna en svör úr spurningalistum fyrir verkefnið voru notuð til að fá frekari upplifun þeirra sem hana þekkjá. Í spurningalistanum var spurt t.d. af hverju Hjallastefnan var valin og hvaða áhrif stefnan hafi haft á þeirra líf.

Verkefnið byrjar með rannsóknarspurningu og tilgátum og svo verður athugað hvort svörin við spurningunum sem voru send til þátttakenda passa við það.

Markmið rannsóknarinnar var að finna út hvaða áhrif Hjallastefnan hefur haft á þátttakendur og að athuga hvort tilgáturnar væru réttar.

Rannsóknarspurningin er: *Hver er reynsla þín af Hjallastefnunni, hver eru áhrif hennar á líf þitt, skoðanir og ákvarðanir?*

Tilgáturnar fyrir hópana eru:

- Þátttakendum finnst Hjallastefnan hafa haft jákvæð áhrif á sitt líf og samfélagið.
- Foreldrar sem velja Hjallastefnuna fyrir eitt barn velja hana líka fyrir önnur börn.
- Nemendur sem voru í Hjallastefnunni finnst þeir vera sjálfsöruggir og ganga vel í námi og að kynjaskiptingin hafi hjálpað þeim í lífinu.
- Starfsfólk sem hefur unnið hjá Hjallastefnunni var ánægt í starfinu og tekur með sér hugmyndir Hjallastefnunnar á næsta vinnustað og notar þær þar.
- Starfsfólk sem er að vinna núna hjá Hjallastefnunni er ánægt í starfinu og vill vinna þar áfram.

Verkefnið er í ritgerðarformi og niðurstöður verða einnig kynntar á glærum.

2 Hjallastefnan

Þessi kafli fjallar um Hjallastefnuna og hugmyndafræði hennar. Það eru góðar upplýsingar í bókum sem Margrét Pála Ólafsdóttir stofnandi og höfundur Hjallastefnunnar hefur skrifað um Hjallastefnuna. Það er líka mikið af upplýsingum um Hjallastefnuna á vefnum www.hjalli.is. Hér er sagt frá helstu einkennum stefnunnar og vitnað í bækur og vefsíðu.

2.1 Hugmyndafræði – yfirlit

Í bókunum sem Margrét Pála Ólafsdóttir hefur skrifað eru upplýsingar um það hvernig Hjallastefnan varð til, hvað einkennir hana og hvernig hún hefur þróast (Margrét Pála Ólafsdóttir, 1992). Þar eru líka almennar upplýsingar og ráð um uppeldi sem eru byggðar á hugmyndafræði stefnunnar (Margrét Pála Ólafsdóttir, 2011, 2015). Nákvæm lýsing á hugmyndafræðinni fyrir leikskólastarfið er í Handbók leikskóla (Margrét Pála Ólafsdóttir, 2014). Hugmyndafræði Hjallastefnunnar var fyrst búin til fyrir leikskóla en er síðan líka notuð í grunnskólum stefnunnar. Bæði leikskólar og grunnskólar Hjallastefnunnar vinna líka eftir aðalnámsskrá fyrir skóla á Íslandi.

Bókin *Æfingin skapar meistarann! Leikskóli fyrir stelpur og stráka* sem var gefin út 1992 er góð lýsing á hugmyndafræðinni. Þar kemur fram að Hjallastefnan leggur áherslu á að viðurkenna einkenni hvers og eins út frá kynferði, aldri, getu og sérkennum. Það þurfi að þroska barnið út frá þess eigin forsendum. Áhersla er á einfalt umhverfi sem örvar sköpun, skynjun og ímyndunarafl barnanna. Og einnig á rósemi og núíð og þannig minnkaður hraði og streita.

Hjallastefnan mótmælir samanburði og samkeppni og styður jafnrétti. Það hefur oft komið fram í umræðu um uppeldis- og skólamál, að stúlkur fá minni athygli en drengir, að drengir séu frekar í ærsla-leikjum og stúlkur frekar í rólegum leikjum. Stúlkur eru sérstaklega þjálfaðar í að sýna kjark og áræðni, vera ákveðnar og fylgnar sér og drengir eru sérstaklega þjálfaði í að sýna umhyggju og nærgætni og rósemi. Hvert barn á sínum forsendum. Til þess að gera þetta eru stúlkur og drengir aðskilin meirihluta tímans til að gefa báðum kynjum möguleika á að þjálfa sína eiginleika, sérstaklega þá sem hafa verið vanræktir í hefðbundnu uppeldi. Svo eru þau leidd saman markvisst til að þjálfa samskiptin, í blöndun með vinahóp af gagnstæðu kyni einu sinni á dag.

Mikil áhersla er þannig á að leiðrétta kynjahallann sem hefðbundið kynjauppeldi leiðir af sér. Þannig er verið að gefa stúlkum og drengjum tækifæri til að þjálfa alla hæfileika sína án kynbundinna áhrifa. Þar sem starfsfólkið er flest alið upp á kynbundinn hátt er mikið unnið með fræðin á bak við kynjaskiptinguna með starfsfólkinu til að starfið gangi sem best.

Það er lögð áhersla á rósemi og aga. Það er gefinn ákveðinn rammi fyrir hegðun og framkomu t.d. að ganga inni í staðinn fyrir að hlaupa og nota inniröddina inni í staðinn fyrir að hrópa. Börnin þurfa að æfa sig í lífsgleði. Ekki er í boði að einangra sig með fýlusvip, heldur þarf að leysa málið og börnunum hjálpað til að leysa þau sjálf.

Umhverfið er haft einfalt og líka leiktækin til að örva sköpunargáfuna. T.d. eru notaðir kubbar, leir, ýmis konar föndur og púðar sem hægt er að búa til allskonar úr, í staðinn fyrir hefðbundin leikföng. Líka eru mildir litir og ekkert óþarfa skraut á veggjum til að trufla ekki einbeitinguna.

Aðferðafræði Hjallastefnunnar byggist á kjörnun og æfingu, því það er grundvallaratriði „að kjarna hugsun sína til að skilja vandann og ákveða vænlega leið. Að því loknu er lagt af stað og til að ná hverju marki er æfingin notuð. Hver æfing færir okkur síðan nýja reynslu sem þarf að kjarna áður en lengra er haldið“ (Margrét Pála Ólafsdóttir, 1992). Með kjörnun er meint að skoða öll mál vel og greina til að átta sig á kjarna málsins og fá skýra mynd. Svo þarf að æfa sig til að verða góður í hverju sem er, hvort sem það er að klippa og líma eða að haga sér vel. Til þess að þjálfunin takist sem best er deginum skipt upp í valfundi, leiktíma og vinnustundir. Á valfundunum velja börnin hvað þau langar að þjálfra sig í sem þau gera svo í leiktímanum. Þá eru börnin í smærri hópum, oft á ólíkum aldri og hópurinn stjórnar sér sjálfur og fullorðinn er til aðstoðar. Í vinnustundum er börnunum skipt í jafningjahópa með leiðbeinanda. Þetta geta verið máltíðir, leikir, hreyfing eða hvíld. Þá ber fullorðinn hópstjóri ábyrgð á hópastarfinu, sem getur verið bæði inni og úti.

Hjallastefnan leggur líka mikla áherslu á jákvæðni og hvatningu og jákvæða orðnotkun. *Kæra vinkona/kæri vinur* er ávarpað og síðan kemur leiðbeining hvort sem er hrós eða umvöndun. Boðið er upp á val, sumt er í boði og annað ekki, eins og að hlaupa á göngum í staðinn fyrir að banna. Notuð eru falleg orð um hvert annað og inniröddina inni, þannig að ekki sé of mikill hávaði (Margrét Pála Ólafsdóttir, 1992).

Í bókinni *Hjallastefnan Handbók leikskóla* er hugmyndafræðinni og skipulagi leikskóla vinnunnar lýst mjög nákvæmlega. Skrifað er um skipulagið í næstu köflum og þar er vitnað í vefsíðu Hjallastefnunnar. Í handbókinni er meðal annars talað um mismunandi skapgerðir barnanna virknigerðina, tilfinningagerðina og vitsmunagerðina. Í bókinni er verið að tengja þær við hegðun og þarfir barnanna fyrir skilaboð, leiðbeiningar og skilning. Þar eru líka gefin dæmi um ólíka samsetningu skapgerða sem getur lýst einstaklingnum vel og mismunandi áhuga þeirra. Sem dæmi er sagt að tilfinningagerðin þurfi skýr skilaboð. Þessi uppsetning getur hjálpað kennurum að skilja ólíkar þarfir barnanna og hvað þau þola og gefið þeim líka leiðbeiningu um hvernig hægt er að bregðast við með því að átta sig á einkennum skapgerðanna (Margrét Pála Ólafsdóttir, 2015).

Í uppeldis bókunum sínum tekur Margrét Pála aðferðir Hjallastefnunnar og býr til úr þeim ráð til foreldra til að gera þeim auðveldara að ala upp börnin sín. Það er lögð áhersla á að foreldrarnir eru fyrirmyndirnar fyrir börnin og þurfa að passa upp á hegðun sína, að gefa einföld og skýr fyrirmæli og reglur, beita aga og nota jákvæð og uppbyggileg orð í öllum samskiptum. Það er líka áhersla á jafnrétti, þannig að það þurfi að gera sambærilegar kröfur til drengja og stúlkna í heimilishaldi, einnig að það þurfi að hvetja stúlkur til hreyfingar og kjarks og drengi til að sýna tilfinningar og að þeir megi gráta, gefa báðum kynjum sambærilega líkamlega nánd og knús. Mikilvægt sé að hrósa og veita jákvæða athygli fyrir góða frammistöðu. Líka er sagt að börnin þurfi að fá verkefni sem þau ráða við og skýran tíma til að leysa þau. Í bókinni *Uppeldi er ævintýri* eru þessi ráð sett fram í almennum texta (Margrét Pála Ólafsdóttir,

2011), en í bókinni *Gleðilegt uppeldi – góðir foreldrar* eru þessi ráð kjörnuð í einfaldar setningar sem kölluð eru snarráð fyrir drengjauppeldi og fyrir stúlknauppeldi (Margrét Pála Ólafsdóttir, 2015).

2.2 Saga

Hjallastefnan er upprunnin úr þróunarstarfi sem hófst árið 1981, fyrsti skólinn byrjaði starfsemi árið 1989 en það var leikskólinn Hjalli sem er í Hafnarfirði. Á leikskólum Hjallastefnunnar er óvenjulegt skipulag t.d. engin hefðbundin leikföng, val tvisvar á dag og hópatímar líka og svo töfraval eftir nónhressingu. Það er kynjaskipting á deildum og í bekkjum, þar sem drengir eru sér og stúlkur sér. Svo eru líka öll börn og starfsfólk í skólafötum.

Frá 2001 er Hjallastefnan með þjónustusamning við Garðabæ fyrir leikskólann Ása. Það var byrjunin af því að Hjallastefnan fór að reka fleiri leikskóla og svo líka grunnskóla sem bættust við 2003, en þá var stofnaður Barnaskóli Hjallastefnunnar í Garðabæ á Vífilstöðum. Barnaskólarnir eru frá fyrsta til fjórða bekk og börnin eru níu ára þegar þau fara í aðra skóla. Það hefur verið prófað að vera með skóla á miðstigi líka fyrir 10-12 ára börn m.a. í Barnaskólanum í Garðabæ, en enginn skóli er á miðstigi núna. Hjallastefnan virkar fyrir börn á öllum aldri en reksturinn var of dýr. Hjallastefnan var með sameinaðan leik- og grunnskóla á Tálknafirði árið 2012. Það var tilraun. Nú rekur Hjallastefnan fjórtán leikskóla og þrjá grunnskóla með um 1.500 börnum og yfir 400 starfsmönnum í samvinnu við sveitarfélög. *„Hjallastefnan er því frumkvöðull í rekstri menntafélags með marga skóla og er starfið í sífelldri þróun sem leitast við að finna jafnvægi milli þess að setja miðlægar kröfur en um leið að veita hverjum skóla það frelsi að hann geti skapað sína eigin menningu“* (Hjallastefnan, e.d.-a).

2.3 Rekstrarform Hjallastefnunnar

Til að tryggja sem best að hugmyndir Hjallastefnunnar gætu þróast var Hjallastefnan ehf stofnuð 1999. Þetta var rekstrarfélag fyrir skólarekstur þar sem hugsjónir og námskrá Hjallastefnunnar væru í forgangi. Árið 2000 var gerður samningur við Hafnarfjarðarbæ um rekstur leikskólans Hjalla sem var fyrsti sjálfstætt starfandi leikskólinn sem gerði samning eftir nýrri hugmyndafræði um þjónustusamninga í staðinn fyrir dýra einkarekna leikskóla. Þessi samningur var fyrirmynd fyrir aðra þjónustusamninga fyrir leikskóla í landinu. Markmiðið með samningnum var og er ennþá *„frelsi fagfólks, og þar með kvenna, til eigin athafna og fullt jafnræði milli leikskóla til fjárframlaga óháð rekstrarformi“* (Hjallastefnan, e.d.-d).

Rekstrarformið hjá Hjallastefnunni er jafnréttisstarf þar sem starfsmannahópar skólanna starfa mjög sjálfstætt undir forystu skólastjórnenda, *„skólarnir skapa sitt eigið andrúmsloft og menningu þrátt fyrir að allir starfi að sameiginlegum markmiðum og hugsjónum. Hjallastefnan ehf. skapar samráðsvettvang og stuðningsnet hverju sinni“* (Hjallastefnan, e.d.-d).

2.4 Stefnur

Hjallastefnan er með jafnlaunastefnu, jafnréttisstefnu, persónuverndarstefnu, verklagsreglu um uppljóstrun um lögbrot eða aðra ámælisverða hegðun, upplýsingaöryggisstefnu og hefur skilgreint öryggiskröfur til margra atriða í starfseminni. Allar stefnurnar eru í samræmi við hugsjónir Hjallastefnunnar, lög og reglur og stundum staðla.

Eitt af grunngildunum Hjallastefnunnar er jafnrétti og að framfylgja stefnunni er passað að starfsfólk fái greidd jöfn laun og hafi sambærileg kjör fyrir sambærileg eða jafnverðmæt störf. Hjallastefnan vill vera eftirsóttur vinnustaður þar sem öll kyn hafa jöfn tækifæri til að starfa og þróa sig í starfi. Það eru starfslýsingar fyrir öll störf þar sem er sagt frá kröfum um menntun, reynslu og ábyrgð.

Hjallastefnan er kærleiksmiðuð og skapandi lýðræðisstefna. Hún er eiginlega jafnréttisstefna af því að hún var stofnuð m.a. til að auka jafnrétti og lýðræði í samfélaginu. Í Hjallastefnusamfélaginu er borin virðing fyrir öllum. Jafnréttisáherslur hjálpa til að starfsfólk og börn styrki sig í starfi og þroskist. Það er gerð jafnréttisáætlun með markmiðum, aðgerðum, ábyrgð og tíma til að tryggja jöfn tækifæri og jafna stöðu.

Í skólanum er ýmislegt skráð af persónuupplýsingum um nemendur, aðstæður þeirra og árangur. Persónuverndarstefnan sem gildir um skráningu, geymslu og vinnu með persónuupplýsingar, hjálpar til að tryggja trúnað fyrir þessar upplýsingar í samræmi við lög.

Verklagsreglan um uppljóstrun er til þess að starfsfólk Hjallastefnunnar geti sagt frá ef það verður vart við lögbrot eða óviðeigandi hegðun svo að hægt sé að taka á því og draga úr eða koma í veg fyrir endurtekningu.

Upplýsingaöryggisstefnan hjálpar að passa upp á að haldinn sé trúnaður um upplýsingar, að þær séu réttar og aðgengilegar þeim sem mega hafa aðgang að þeim.

Öryggiskröfur eru skilgreindar m.a. fyrir neyðarstjórnun og öryggisfrávik, hugbúnað, útvistun, neyðaráætlanir, öryggismál, snjallsíma og spjaldtölvur o.fl.

Það er meira um stefnurnar á vef Hjallastefnunnar (Hjallastefnan, e.d. -e).

2.5 Svona er Hjallastefnan – skipulag daganna

Skólarnir, bæði leik- og grunnskólarnir, eru flestir staðsettir í nánnum tengslum við náttúruna. Á útisvæðunum eru mikið af náttúrulegum efnivið sem er t.d. hægt að rannsaka með því að drullumalla, klifra í trjám eða á grjóti. Svo er líka farið á venjulega leikvelli í nágrenninu til að prófa leiktækin. Inni í skólanum eru m.a. áberandi merkingar á hurðum, línur á gólfi og umferðarörvar. Þetta hjálpar öllum að rata um skólann. Boðið er upp á heimagerðan og hollan mat í skólanum.

Deildirnar í leikskólanum eru kallaðir kjarnar. Merkingar fyrir kjarnana eru skýrar. Það er hluti af lýðræði Hjallastefnunnar að starfsfólkið getur unnið sjálfstætt. Það eru um 20-24 börn og 3-4 starfsmenn eftir aldri barnanna á hverjum kjarna. Fyrsta stofan á hverjum kjarna er vinnustofa. Henni er skipt í leiksvæði sem eru notuð á val tímum. Svæðin eru kubbakrókur, leirkrókur, sullkrókur og föndurkrókur.

Allt leikefnið er kallaður opinn efniviður eða leikefni (e. open-end material) í staðinn fyrir venjuleg leikföng. Þarna er líka leikstofa með samverumottu þar sem eru máluð pláss með númerum og svo líka dýnur og púðar. Í sumum leikskólum eru líka kubbastofur fyrir stóra kubba ef það er pláss.

Lögð er áhersla á rósemd í umhverfinu bæði í leik- og grunnskóla, og að hafa ekki of mikið dót eða skraut því þá er auðveldara fyrir börnin að einbeita sér að leikjum og hafa frið. Það er líka fjör í hópatímum með fáum nemendum, á útisvæði eða í leikstofu með púðum, dýnum og teppum.

Allir eru í skólafötum, börnin og starfsfólkið bæði í leik- og grunnskóla. Það eykur á samheldni og þá er ekki heldur samanburður eða einhver öðruvísi en annar. Þetta eru líka þægileg vinnuföt.

Í leikskólanum milli klukkan 10 og 14 er hópastarf úti og inni þar sem börnin eru í fámennum hópi og sami eða sömu kennarar vinna með hópnum allt skólaárið. Hópatímarnir eru með dansi og hreyfingu, gönguferðum og þrautabrautum, málun, leirgerð og alls konar föndri, það er hlustað á tónlist, söng og þulur, sögur og lesið í bók. Í hópatímunum er líka verið að æfa t.d. kynjanámskrána, „*kjarkæfingar og jákvæðniæfingar, vináttu- og nálægðaræfingar, sjálfstraust og framkomu, virðingu í hegðun og orðanotkun eins og hrósyrði um sig og aðra*“ (Hjallastefnan, e.d.-f).

Í leikskólanum eru val tímar fyrir klukkan 10 og eftir klukkan 14. Þeir byrja á valfundi þar sem allir velja sér viðfangsefni og leiki. Það er í boði að nota einfalt og skapandi efni, vera í leikstofu, kubbakrök, föndurkrök, sullkrök, leirkrök og á útisvæði og kennarar eru til stuðnings og hvatningar. Allt leikefni er úthugað þannig að börnin geti ráðið við allt sjálf og þurfi ekki að fá aðstoð. Það er mikil valdefling.

Í grunnskólunum er hver bekkur eða kjarni með sína kennslustofu. Í kennslustofunni eru borð og stólar fyrir verkefnavinnu og líka mottukrökur með samverumottu þar sem hvert barn hefur sitt pláss. Dagurinn skiptist milli verkefnavinnu inni og úti. Mörg verkefni eru unnin úti í sambandi við náttúruna. Svo eru líka verkefni unnin í blönduðum hópum, þannig að stúlkur og drengir vinna saman að því að leysa verkefni.

2.6 Meginreglur

Meginreglurnar hjá Hjallastefnunni eru sex. Reglurnar lýsa hugsjónum Hjallastefnunnar og gildin sem allt starfsfólkið á sameiginleg sem eru; viðhorf, mannskilningur og lífssýn og líka skipulag, starfshættir og aðferðir sem byggja á hugsjónunum. Það er markmið Hjallastefnunnar að skólamenningin verði jákvæð og kærleiksrík. Þannig getur skólinn líka haft góð áhrif út í samfélagið.

Þetta eru meginreglurnar:

Fyrsta meginreglan er um börn og foreldra. „Hjallastefnunni er ætlað að mæta hverju barni eins og það er og virða og viðurkenna ólíkar þarfir aldursþópa, kynja og einstaklinga. Skólanum ber einnig að virða valfrelsi og ólíkan áhuga barna og hlúa á viðfeðman hátt að velgengni allra.“

Önnur meginreglan er um starfsfólk. „Hjallastefnunni er ætlað að stuðla að því að jákvæðni, gleði og kærleikur séu ráðandi öfl í samskiptum starfsfólks svo og í öllum samskiptum við börn og foreldra og aðra sem koma að málum skólans.“

Þriðja meginreglan er um umhverfi. „Hjallastefnunni er ætlað að skapa samfélag innan hvers skóla þar sem jafnvægi, einfaldleiki og gagnsæi er ráðandi í dagskrá, umhverfi og búnaði og reglur eru sýnilegar og áþreifanlegar. Þannig gefst börnum skiljanlegt og viðráðanlegt umhverfi miðað við aldur þeirra, þroska og getu.“

Fjórða meginreglan er um efnivið. „Hjallastefnunni er ætlað að bjóða upp á leikefnivið og einföld námsgögn þar sem sköpun og ímyndun er í fyrirrúmi í fjölbreyttri reynslu hvers barns. Þannig skapar sjálfbjarga fólk eigið nám og leikheim með eigin lausnum og raunveruleikatengd verkefni eru í fyrirrúmi.“

Fimmta meginreglan er um náttúru. „Hjallastefnunni er ætlað að kenna börnum að skynja og njóta náttúrulegs umhverfis og virða náttúruna með nýtni, nægjusemi og hófsemi svo og með umhirðu og endurvinnslu.“

Sjötta meginreglan er um samfélag. „Hjallastefnunni er ætlað að þjálfa aga og hegðun á jákvæðan og hlýlegan en um leið ákveðinn og hreinskiptinn hátt. Með nákvæmni og festu verður taminn vilji leiðin til öryggis og frelsis fyrir alla í rósemd og friði innan skólasamfélagsins og síðar til ábyrgðar þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi.“ (Margrét Pála Ólafsdóttir, 2014. Hjallastefnan, e.d. -c).

2.7 Kynjanámskrá

Hugmyndafræði Hjallastefnunnar er lýst í kynjanámsskránni. Markmiðið er að „ *tryggja jafnrétti kynjanna sem og annarra hópa og veita börnunum frelsi frá neikvæðum afleiðingum kynjakerfisins og staðalímyndum*“ (Hjallastefnan, e.d -b). Samkvæmt Hjallastefnunni æfa kynin ekki alla sína eiginleika af því að kynjahlutverkin sem samfélagið er búið að ákveða hindrar það. Hjá Hjallastefnunni fá öll börn, stúlkur og drengir, þjálfun í mannlegum eiginleikum á sínum forsendum, ekki bara með föstum hugmyndum kynjakerfisins um það hvað stúlkur og drengir geta og vilja. Kynjanámskránni er skipt í þjálfun í félagslegri- og einstaklingsfærni. Hjallastefnan segir að stúlkur þurfi að hvetja meira t.d. að vera jákvæðar, sýna frumkvæði, kjark og kraft sem er einstaklingsfærni. Hún segir líka að drengi þurfi að hvetja meira til að sýna virðingu, æfa samskipti, vináttu og kærleika sem er félagsleg færni.

Farið er eftir kynjanámsskránni alla daga og aðrir þættir í námskránni eru teknir í lotum á skólaárinu.

Hver lota er í fjórar vikur, og síðasta vikan er uppskeruvika. Þá er haldið upp á árangurinn í lotunni. Í lotunum er verið að þjálfa börnin í einstaklings- og félagsfærni. Í þrem er verið að þjálfa og styrkja færni sem er oft tengd við karlmennsku og í hinum þrem er verið að þjálfa færni sem tengd er við kvenleika. Með því að vinna með þessa eiginleika og færni með mismunandi áherslum hjá drengjum og stúlkum er verið að finna jafnvægi á milli eiginleika kynjanna. Loturnar eru:

Lota 1. Agi þar eru lykilhugtökin: **virðing, hegðun, kurteis og framkoma**, markmiðið er sjálfsstjórn, uppskeruvikan er framkomuvika.

Lota 2. Sjálfstæði þar eru lykilhugtökin: **sjálfstyrking, sjálfstraust, öryggi og tjáning**, markmiðið er sjálfsmýnd, uppskeruvikan er tjáningarvika.

Lota 3. Samskipti þar eru lykilhugtökin: **umburðarlyndi, hjálpsemi, víðsýni og samstaða**, markmiðið er samfélag, uppskeruvikan er samstöðuvika.

Lota 4. Jákvæðni þar eru lykilhugtökin: **ákveðni, hreinskiptni, bjartsýni og gleði**, markmiðið er menning, uppskeruvikan er gleðivika.

Lota 5. Vinátta þar eru lykilhugtökin: **félagsskapur, umhyggja, nálægð og kærleikur**, markmiðið er góðvild, uppskeruvikan er kærleiksvika.

Lota 6. Áráðni þar eru lykilhugtökin: **kjarkur, kraftur, virkni og frumkvæði**, markmiðið er sjálfsstjórn, uppskeruvikan er frumkvöðlavika.

Það er meiri lýsing á því hvað er nákvæmlega gert í hverri lotu á heimasíðu Hjallastefnunnar (Hjallastefnan, e.d. -b).

2.8 Vinnustaðurinn

Í skólum Hjallastefnunnar eru störfín fjölbreytt, skemmtileg og gefandi. Börn og foreldrar sýna starfsfólkinu virðingu og vinnuumhverfið er gott. Starfsumhverfið er sveigjanlegt, vinnuandinn jákvæður og samskiptin kærleiksrík. Starfið snýst um að gera börnin ánægð og að þau nái árangri. Þess vegna er „*velgengni barns í fyrsta sæti og starfsfólk sníður allt starf til að svo megi verða*“ (Hjallastefnan, e.d. -g).

2.9 Skólar

Flestir skólar Hjallastefnunnar eru á höfuðborgarsvæðinu. Þar eru tveir ung barnaleikskólar fyrir börn frá 12 mánaða til 1 árs aldurs, níu leikskólar fyrir börn frá 2 til 4/5 ára aldri. Þar eru líka grunnskólar fyrir börn á yngsta stigi frá 5 til 9 ára aldurs. Sum staðar eru leikskólar og grunnskólar á sömu lóðinni eins og í Garðabæ, Reykjavík og Hafnarfirði. Úti á landi eru leikskólarnir sex en enginn grunnskóli. Þeir

eru á Akureyri, Skagaströnd, Ísafirði, í Þorlákshöfn, Vestmannaeyjum og á Bifröst. Auk þess eru þrír leikskólar í Reykjanesbæ reknir af Hjallastefnunni (Hjallastefnan, e.d. -h).

3 Hvað segja rannsóknir

3.1 Almennt

Gerðar hafa verið nokkrar rannsóknir um Hjallastefnuna og áhrif hennar á börn og starfsmenn. Þessar rannsóknir eru lokaverkefni sem voru unnin í háskólum á Íslandi og hægt að finna á Skemmuni. Skoðaðar voru níu rannsóknir. Þrjár rannsóknir er hægt að sækja og lesa alla ritgerðina en aðrar eru læstar og bara með yfirlit. Leitað var að upplýsingum sem gætu passað við rannsóknarspurninguna og tilgátunna. Hér á eftir eru upplýsingar um nokkrar rannsóknir úr Skemmuni. Upplýsingarnar eru flokkaðar eftir því hvort niðurstöðurnar segja frá börnum, starfsmönnum eða foreldrum. Engar rannsóknir voru beint um það hvað foreldrum finnst eða hvernig þeim líður með að hafa börnin í Hjallastefnuskóla.

3.2 Börnin

Í rannsókninni „*Jöfn en ólík: tvær ólíkar leiðir til að stuðla að kynjajafnrétti í leikskólum*“ er sagt frá því hvernig börn upplifa kynímyndir, hvernig kynjamismunur birtist innan skólans og hvert hlutverk kennarans er. Það er borin saman kynjaskipting Hjallastefnunnar og leiðir í þróunarverkefni sem heitir „*Jafnréttisfræðsla í leik- og grunnskóla*“. Niðurstöður eru m.a. að margt styður að það sé mikilvægt að hafa kynjajafnrétti í leikskóla. Ýmsar leiðir er hægt að fara til að ná kynjajafnrétti í leikskólum hvort sem það er kynjaskiptingu eða kynjablöndun (Agnes Fríða Gunnlaugsdóttir, Agnes Veronika Hauksdóttir, 2010). Það hefði verið gott að skoða hvaða atriði og leiðir þetta eru, en rannsóknin er lokuð og ekki hægt að fletta því upp.

Í rannsókninni „*Kynjaskipt skólastarf: reynsla nemenda og kennara á yngsta stigi grunnskóla*“ er skoðað hvernig nemendum líður í kynjaskiptu skólastarfi. Niðurstöðurnar bentu til þess að líðan nemenda í skólanum væri almennt góð. Nemendurnir sögðu að það væri vegna þess að kennararnir voru skemmtilegir, þeir hrósuðu, nemendur báru virðingu fyrir félögum sínum og það var notað jákvætt orðalag í skólanum. Það kom í ljós að nemendur höguðu sér betur í kynjaskiptum tímum en kynjablönduðum. Það fannst bæði þeim sjálfum og kennurunum. Jákvæða orðalagið sem var notað í skólanum hjálpaði nemendunum í samskiptum og þau fengu meiri kjark í kynjaskiptu umhverfi (Anton Helgi Hannesson, 2022).

Í rannsókninni „*Former students of Hjallastefnan and their leadership self-perceptions*“ var hugsað að athuga hvernig nemendur sem höfðu verið í Hjallastefnunni mundu líta á leiðtoga hæfileika sína og hvort þeim fyndist þeir vera framsæknari leiðtogar en nemendur úr öðrum leikskólum. Notaður var hópur fólks sem hafði verið nemendur í Hjallastefnuskóla og annar hópur til samanburðar úr öðrum skóla. Niðurstöður bentu til þess að nemendur úr Hjallastefnuskólum finnst þeir ekki vera framsæknari leiðtogar en nemendur úr öðrum skólum. Samt þarf að túlka niðurstöður varlega þar sem þetta voru litlir samanburðarhópar (Helga María Finnbjörnsdóttir, 2014).

Í niðurstöðum rannsóknarinnar „*Félagsleg sjálfstrú og sjálfstraust barna í Hjallastefnunni*“ kemur fram að yngri drengir hefðu mesta félagslega sjálfstrú og sjálfstraust og eldri drengir minnst sjálfstraust. Þær bentu líka til þess að öll börn, sama hvað þau eru gömul og hvort það eru drengir eða stúlkur, hefðu mikla félagslega sjálfstrú og sjálfstraust. Það þarf að túlka niðurstöður varlega af því að hópurinn sem var skoðaður var lítil og svo þyrfti líka að skoða spurningalistann (Sveindís V. Þórhallsdóttir, 1991).

Í rannsókninni „*Frá orðum til athafna: Gildi leiksins sem námsaðferð í samræmi við hugmyndafræði Hjallastefnunnar*“ kemur fram að lög nr.90/2008 um leikskóla segja að „*starfshættir kennara skulu mótast af umburðarlyndi, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð og sáttfýsi*“. Þar er líka sagt að „*leikskólinn skuli leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelldri þróun*“. Hjallastefnan tekur þetta inn í sitt starf og í verkefninu voru valdir leikir í samræmi við þetta og settir í Hugmyndamöppu. Hugmyndamappa á að gefa kennurum hugmyndir fyrir starfið með börnunum sem auka þroska þeirra. Í rannsókninni er sagt frá leik sem námsleið og af hverju sumir leikir voru valdir fyrir stúlkur og aðrir fyrir drengi til að efla þau og undirbúa til að taka þátt í lýðræðis þjóðfélagi (Berglind Kristinsdóttir, 2009).

3.3 Foreldrar

Það eru fáar rannsóknir sem segja frá því hvernig áhrif Hjallastefnan hefur á foreldra, en nokkrar sem segja frá því hvaða áhrif foreldrum finnst Hjallastefnan hafa á börnin sín og hvaða áhrif foreldrar hafa á börnin.

Í rannsókninni *Kynjaskipt skólustarf: reynsla nemenda og kennara á yngsta stigi grunnskóla* finnst foreldrum Hjallastefnustúlkna að þær væru minna feimnar við gagnstæða kynið en önnur börn. Foreldrunum töldu stúlkurnar almennt vera með sterkari sjálfsmýnd og betri félagslega færni, væru betri í námi og hegðuðu sér betur (Anton Helgi Hannesson, 2022).

Í niðurstöðum rannsóknarinnar „*Félagsleg sjálfstrú og sjálfstraust barna í Hjallastefnunni*“ kemur fram að það virðist að ef foreldrar hafa mikil félagsleg samskipti við börnin sín þá eru börnin líka í meiri félagslegum samskiptum við önnur börn. Þar er líka sagt að ef foreldrar eiga heilbrigð samskipti við börnin sín þá hjálpi það þeim í félagshæfni. Foreldra hafa líka áhrif á skoðanir barnanna með því að koma fram við þau í samræmi við staðalmyndir samfélagsins um kynin. Það kom líka fram að foreldrar

töluðu meira við dætur sínar og buðu þeim frekar hjálp en sonum. Mögulega var það vegna þess að drengir eru taldir sjálfstæðari (staðalímynd). Það kom fram að félagsleg tengsl foreldra við börn sín hafði áhrif á sjálfsmynd barnanna (Sveindís V. Þórhallsdóttir, 1991).

3.4 Starfsfólk

Í rannsókninni *Kynjaskipt skólustarf: reynsla nemenda og kennara á yngsta stigi grunnskóla* er sagt að kennurum finnst að jákvætt hugarfar og kynjanámskrá Hjallastefnunnar geti oft aukið sjálfstraust og námsárangur nemenda. Kennurum fannst líka að betri námsárangur væri líka af því að nemendum var hjálpað fljótt ef þeir lentu í erfiðleikum námslega eða félagslega. Líka sögðust kennararnir sjá fljótt styrkleika og veikleika nemendanna af því að hóparnir voru litlir. Kennurum finnst að kynjaskipting ein og sér myndi ekki skapa betri námsárangur heldur líka fagmennska kennara og gott skólaumhverfi (Anton Helgi Hannesson, 2022).

Í rannsókninni „*Job satisfaction within kindergartens of Hjallastefnan : the perspective of employees towards factors affecting their job satisfaction*“ er markmiðið með rannsókninni að skoða „*viðhorf starfsmanna leikskóla Hjallastefnunnar til þátta sem hafa áhrif á starfsánægju þeirra*“. Það voru tekin viðtöl á 6 leikskólum, talað við 6 leikskólastjóra og 69 starfsmenn en alls voru á þessum leikskólum 156 manns. Niðurstöðurnar sýndu góðan starfsanda og flestir voru ánægðir með næsta yfirmann, vinnufélaga og vinnutengda þætti. Hugmyndir leikskólastjóra og starfsmanna um hvað hefði áhrif á ánægju starfsmanna voru líkar (Harpa Vilborg R. Schram, 1996). Hér hefði verið gaman að skoða hvaða atriði það voru sem höfðu áhrif en rannsóknin er lokuð svo það var ekki hægt.

Í rannsókninni „*Teacher Well-being and Functionality of Educational Models : a Study of Icelandic Playschools*“ kemur fram að kennurum í íslenskum leikskólum líður almennt vel. Það hefur neikvæð áhrif á upplifun kennara ef það er ekki virk stjórnun, skipulag og framkvæmd uppeldis líkans. Rannsóknin sýndi líka að það er sterkt samband á milli þess hvernig börnunum og kennurunum líður og það segir okkur að það er mikilvægt að leikskólar búi til heilbrigt og gott vinnumhverfi fyrir alla, börnin og kennarana. Það kom fram að það virkar vel ef leikskólar eru duglegir að innleiða menntunarlíkon og hafa líka skýr hlutverk kennara og skýr markmið og aðferðir til að þroska börnin, eins og hjá Waldorfskólanum, Regio Emilia og Hjallastefnunni (Nora Elisabeth Christine Jacob, 2023). Hér hefði verið gaman að skoða hvaða atriði það voru sem höfðu áhrif en rannsóknin er lokuð svo það var ekki hægt.

Í rannsókninni „*Áhrifaþættir starfsánægju hjá starfsfólki Hjallastefnunnar ehf.*“ kemur fram í niðurstöðum að starfsánægja hjá starfsfólki Hjallastefnunnar ehf. er mjög mikil. Samt hafði enginn þáttur meiri áhrif en annar. Það var notaður norrænn spurningalisti með um 50 spurningum og fólkið beðið að gefa þeim einkunn. Það sem hafði minnst jákvæð áhrif var orðrómur um breytingar. Það var

eins og starfsfólki finnst að breytingar á vinnustaðnum séu miklar. Niðurstöður sýna líka að frekar miklar breytingar eru á starfsfólki og kannski þarf að endurskoða ráðningarferlið hjá fyrirtækinu. Það er lítil munur á niðurstöðum rannsóknarinnar borið saman við niðurstöður starfsánægju könnunarinnar frá árinu 2010. Það var samræmi á milli stefnu Hjallastefnunnar í starfsmannamálum og svara starfsmanna (Vilborg Grétarsdóttir, 2013).

3.5 Samantekt úr ofangreindum rannsóknum

Þegar teknar eru saman niðurstöður úr rannsóknum koma ákveðin atriði fram:

Jafnrétti

- Jafnrétti í skólum er jákvætt.
- Fagmennska kennara skiptir miklu máli, kynjaskipting er ekki nóg.
- Stúlkurnar í Hjallastefnuskólanum voru minna feimnar við drengina.
- Stúlkurnar í Hjallastefnuskólanum hafa sterkari sjálfsmynd og félagsfærni og duglegri að læra.
- Hegðun í kynjaskiptum tímum var betri en í blönduðum tímum.

Líðan starfsfólks

- Starfsánægja starfsfólks í skólum Hjallastefnunnar er mikil, starfsandinn er góður og starfsfólki líður almennt vel.
- Starfsfólki finnst breytingar miklar og oft verið að ráða nýtt starfsfólk.
- Hjallastefnan hugsar vel um starfsfólkið og starfsfólk og stjórnendur styðja hvort annað.
- Hjallastefnan með skýra hlutverkaskiptingu og ábyrgð.
- Hjallastefnan með skýr markmið og aðferðir.
- Leikir skipta miklu máli í kennslu.

Líðan barnanna

- Sterkt samband á milli þess hvernig kennurum líður og hvernig börnunum líður.
- Jákvætt hugarfar getur aukið sjálfstraust.
- Yngri drengir í Hjallastefnunni með betra sjálfstraust en eldri drengir.
- Nemendum líður almennt vel í Hjallastefnuskólum, nota jákvætt orðalag og bera virðingu fyrir hvort öðru.
- Nemendum finnst kennararnir skemmtilegir og hrósuðu.

Námsárangur

- Litlir hópar auka líka námsárangur, kennarar fljótir að sjá styrkleika og veikleika og hjálpa.
- Nemendur í Hjallastefnunni ekki endilega meiri leiðtogar en nemendur í öðrum skólum.
- Kynjanámskrá getur aukið námsárangur nemenda.

Almenn umræða

Eins og kemur fram í fræðilega kaflanum er markmið Hjallastefnunnar að vinna að því að þroska einstaklinginn á sínum eigin forsendum og vinna að jafnrétti kynjanna. Einnig að skapa jákvætt, einfalt, streitulítið og skapandi umhverfi. Rannsóknir virðast sýna að líðan barnanna endurspegli þessi markmið. Líka virðist starfsfólkinu líða vel. Samt er til umhugsunar að í einni rannsókn segir að oft væri verið að skipta um starfsfólk, og það væri áhugavert að skoða af hverju, þar sem mikil starfsmannaskipti geta bent til einhvers konar óánægju. Það kemur fram í rannsókn að kynjanámskrá geti aukið námsárangur, en ekki bara ein og sér, það þurfi meira til eins og góða kennara. Niðurstöður rannsókna stýðja þess vegna tilgátunna um að núverandi og fyrrverandi starfsfólk sé ánægt í starfi og að börnunum líði vel og séu sjálfsörugg. Ekki er hægt að lesa beint úr rannsóknunum að þær stýðji við aðrar tilgátur.

4 Aðferðafræði verkefnisins

4.1 Aðferðin

Í þessu verkefni var notuð spurningakönnun til að fá upplýsingar til að svara rannsóknarspurningunni og sanna tilgátunna. Rannsóknaraðferðin heitir eigindleg rannsóknaraðferð.

Í félagsvísindum eru til tvenns konar aðferðir sem eru aðallega notaðar það eru meginglegar (e. quantitative) og eigindlegar (e. qualitative) rannsóknaraðferðir. Megingleg rannsóknaraðferð notar aðferðir náttúruvísinda til að lýsa skoðunum og hegðun fólks með mælingum og skráningu í tölum. Eigindleg rannsóknaraðferð leggur áherslu á að það sé bara hægt að lýsa skoðunum og hegðun fólks út frá því hvaða reynslu það hefur og hvernig það sjálft túlkar hlutina. Það er gert t.d. með spurningakönnunum til að finna út hvað fólki finnst sjálfu (Jón Gunnar Bernburg, 2005).

4.2 Framkvæmd

Verkefnið var unnið á vörmisseri 2024, þ.e. frá janúar til maí. Byrjað var á því að búa til þátttakendalista með nöfnum fyrir foreldra, fyrrverandi nemendur, núverandi og fyrrverandi starfsfólk. Ákveðið var að velja þátttakendur sem höfundur kannaðist við og taldi að væru tilbúnir að taka þátt í verkefninu. Allir nemendurnir voru þess vegna úr einum grunnskóla og allir í sama árgangi, sumir af þeim voru líka í mismunandi Hjallastefnu leikskólum. Tenging var á milli flestra nemenda og foreldra, þannig að fyrst

voru nemendur valdir og svo var líka haft samband við foreldra þeirra. Tveir foreldrar tengjast ekki fyrrverandi nemendum. Flest núverandi starfsfólk var úr einum leikskóla. Fyrrverandi starfsfólk var úr mismunandi skólum Hjallastefnunnar, bæði leikskólum og grunnskólum. Valdir voru fimm til sex þátttakendur í hverjum hópi.

Haft var samband við alla á þátttakendalistanum og þau spurð hvort þau vildu taka þátt. Það var sagt að þetta væri nafnlaus könnun og að það yrði passað að ekki væri hægt að rekja svörin. Sem sagt farið eftir reglum persónuverndar. Flestir sem var haft samband við vildu taka þátt, en sumir neituðu og þá var fundinn annar í staðinn.

Eftir upplýsingasöfnun um Hjallastefnuna og skrifuð drög fyrir fræðilega kaflann voru búnar til spurningar fyrir alla hópana sem mundu líklega gefa svar við rannsóknarspurningunni og sanna tilgáturnar.

Spurningarnar voru sendar til þátttakenda um miðjan mars og þeir voru beðnir um að svara skriflega fyrir 23. mars. Spurningarnar voru sendar til þátttakenda í tölvupósti eða á Messenger og svörin komu sömu leið. Næstum öll svörin voru komin um mánaðarmótin mars-apríl. Þar sem ekki fengust svör frá öllu fyrrverandi starfsfólki var leitað að nýjum þátttakendum í apríl og svör fengin.

Þegar svörin voru komin þá voru þau flokkuð eftir númeri spurninganna og sett í eitt vinnuskjal fyrir hvern hóp. Það var líka búið til sér vinnuskjal fyrir greiningu á rannsóknarspurningunni og tilgátunum áður en allar þessar upplýsingar voru settar í niðurstöðukaflann.

Þetta er fjöldinn af þátttakendum í rannsókninni:

- Sex fyrrverandi nemendur, fimm stúlkur og einn drengur
- Sjö foreldrar, fimm mæður og tveir feður
- Sex núverandi starfsfólk, fjórar konur og tveir karlmenn
- Fimm fyrrverandi starfsfólk, allt konur

Tímaáætlunin fyrir verkefnið er í viðauka 2, en hér eru helstu atriðin. Það var farið eftir kennsluáætlun þegar þessi áætlun var búið til.

| Hvað á að gera | Hvenær |
|---|------------------------|
| Velja efni, leiðbeinanda RÓ og fá samþykki kennara BJ | Janúar og febrúar |
| Framvinduviðtöl BJ | Febrúar og apríl |
| Framvindumat til BJ | Mars og apríl |
| Drög til leiðbeinanda RÓ | Febrúar, mars og apríl |
| Viðtöl við leiðbeinanda RÓ | Mars og apríl |
| Skila lokaverkefni | 6. maí |
| Kynning | 13. – 17. maí |

4.3 Úrvinnsla, greining og mat

Þegar allir þátttakendur höfðu svarað var farið í að greina svörin fyrir hvern hóp. Fyrir hvern hóp var skoðað hvort öllum spurningum hafi verið svarað og hvort svörin voru lík eða ólík. Skoðað var hvernig þau svöruðu rannsóknarspurningunni og hvort þau væru að sanna tilgáturnar. Svörin voru borin saman við hugmyndafræði Hjallastefnunnar og athugað hvort hún hefði skilað sér í sjálfsöryggi og góðri líðan t.d. kynjaskiptingin. Líka var skoðað hvort munur væri á svörum barna og foreldra og hvort munur væri á svörum frá körlum og konum. Svo voru dregnar ályktanir af svörunum sem er lýst í niðurstöðukaflanum. Niðurstöður voru metnar með það í huga að þátttakendur í könnuninni voru frekar fáir, samtals 24, fáir í hverjum hópi (5-7) og líka mikill kynjahalli í samsetningu hópsins (konur 19 og karlar 5), sem sagt miklu fleiri konur en karlar. Spurningarnar voru ekki sendar á stóran hóp heldur valda þátttakendur. Þess vegna er erfitt að alhæfa um niðurstöðurnar, en þær gefa samt sem áður vísbendingar um upplifun þátttakenda á hugmyndafræði Hjallastefnunnar. Um það er fjallað í umræðukaflanum.

5 Niðurstöður

Í niðurstöðum er sagt frá svörum þátttakenda og þau svo borin saman við rannsóknarspurninguna og tilgáturnar.

5.1 Svör fyrrverandi nemenda

Þegar svörin frá fyrrverandi nemendum voru greind kom þetta fram:

- Þau hafi lært góða framkomu, samskipti og það hafi verið gaman í skólanum, fyrir utan að læra námsgreinarnar.
- Það hafi haft góð áhrif á þau að vera í skólanum, byggt upp sjálfstraust, öryggi og jákvæðni. En einum fannst erfiðara að hafa samskipti við hitt kynið út af kynjaskiptingunni.
- Þeim fannst að Hjallastefnan hafi kennt þeim að eiga góð samskipti, hvernig eigi að koma vel fram við aðra sýna heiðarleika. Einn nemandinn nefnir að það skipti ekki máli hvernig fatnaði maður er í því allir eru jafnir. Annar nefnir að koma fram við aðra eins og þú vilt láta koma fram við þig.
- Þeim fannst það hafa haft góð áhrif á sig að vera í Hjallastefnuskóla og að aðrir skólar geta lært af stefnunni. Einn nefnir að þessi hugmyndafræði sé mjög góð og annar nefnir að því fjölbreyttara kerfi sem er í skólum, því betra. Annar nemandi gefur í skyn að skólar á unglingsstigi eigi ekki að vera kynjaskiptir, bara yngri bekkirnir.
- Þeim finnst að þau geta notað það sem þau lærðu í skólanum í lífinu. Það var mismunandi hvað þau nefndu t.d. samskiptahæfni, gleði, kærleik, gaman af náttúrunni, einlægni, tala fallega, listir. Einn nemandinn veit ekki. Þau voru ekki mikið að hugsa um Hjallastefnuna núna.

- Flest vildu ekki hafa sleppt því að vera í Hjallastefnuskóla, en einn nemandi hefði viljað skipta fyrir yfir í venjulegan skóla og annar svarar ekki. Flestum finnst það hafa hjálpað þeim í lífinu.
- Það komu fram mismunandi skoðanir á kynjaskiptingunni. Meirihlutanum fannst það hafa haft góð áhrif að hafa kynjaskiptingu, kennslustundir voru rólegri og stúlkur fengu meira sjálfstraust og athygli, allavega fram til 7. bekk. Flestum nemendum finnst mikilvægt að vera í kynja blönduðum bekkjum á unglíngastigi og fannst erfitt að koma í venjulegan skóla þar sem kynjablöndun var. Einum fannst kynjaskiptingin ekkert sniðug, og annar saknaði þess oft að vera ekki í blönduðum bekk og að það hefði mátt sleppa kynjaskiptingunni.
- Tveir af nemendum vinna hjá Hjallastefnunni en hinir hafa ekki áhuga á kennslu.
- Rúmlega helmingur myndi vilja senda börnin sín í Hjallastefnuskóla. Einn nemandi sagðist samt ekki vilja gera það því það hefði ekki hjálpað sér sérstaklega.
- Einn nemandi segir að það hafi verið gott að bekkirnir voru litlir og það var létt að kynnast öllum.

5.2 Svör foreldra

Þegar svörin frá foreldrum voru greind kom þetta fram:

- Foreldrarnir eiga 2-5 börn, flestir 2-3.
- Það svöruðu ekki allir foreldrar hvort þau væru með börn í leik- eða grunnskóla. Bæði var um hverfissskóla að ræða og ekki hverfissskóla (skólabíll skipti máli). Flestir foreldrar voru sammála um að ástæðan væri sú að þeim leist vel á skólann, þekktu til og höfðu trú á stefnunni eða höfðu heyrt vel talað um skólann. Það virðist ekki skipta aðal máli hvort það var hverfissskóli eða ekki.
- Í sumum fjölskyldum var Hjallastefnan ekki komin þegar eldri börnin í fjölskyldunni voru á leik-grunnskóla aldri. En hjá hinum fóru öll börnin í skóla á vegum stefnunnar.
- Allir foreldrarnir voru meira og minna sammála að áhrifin hafi verið jákvæð, nema eitt foreldrið segir að grunnskólinn var slakari. Hjá einu foreldri kom fram að ef börnunum líður vel þá líður foreldrunum líka vel.
- Næstum allir foreldrarnir voru sammála að kynjanámskráin hafi haft góð og jákvæð áhrif á börnin þeirra, styrkja stúlkur og mýkja drengi. Eitt foreldri svaraði ekki.
- Meirihluti foreldra nefnir jákvæðni skólasamfélagsins. Foreldrar nefna marga aðra þætti eins og umhverfið, samnemendur, starfsfólk og kennarar, maturinn, kennslan, utanumhald Möggu Pálu, „hjállískan“, skólafötin, lítið skólasamfélag, styrking nemenda sem það sem þeim finnst best við Hjallastefnuna.
- Foreldrar höfðu flestir jákvætt viðhorf til skólans.
- Flestir foreldrar sögðu að börnin þeirra hefðu styrkst og komið sterkari inn í venjulega skólakerfið og átt auðvelt með að aðlagast nýjum skóla, jafnvel erlendis. Eitt foreldri nefndi að börnin hefðu orðið fyrir óþægindum vegna hávaða og óróa í nýjum skóla og að samskipti væru ekki eins góð og í Hjallastefnuskólanum. Tveir foreldrar svöruðu ekki spurningunni.

- Flestir foreldrar hefðu ekki viljað senda börnin í venjulegan skóla í stað Hjallastefnunnar. Eitt foreldri nefnir að ut anumhald hafi verið persónubundið þ.e. þegar Magga Pála var ekki á staðnum versnaði það. Annað foreldri segir að blandaðir bekkir henti betur eldri bekkjum. Eitt foreldri hafði eingöngu reynslu af leikskóla.
- Meirihluti foreldra myndu mæla með að barnabörn þeirra færu í Hjallastefnuskóla. En hinir eru ekki alveg viss, myndu vilja sjá hvernig þetta væri þegar þar að kæmi og svo færi líka eftir hvað hentar foreldrum og börnum þeirra.
- Eitt foreldri bætti við upplýsingum og nefndi að skólinn væri mjög háður þeim einstaklingum sem reka hann hverju sinni.

5.3 Svör núverandi starfsfólks

Í svörum núverandi starfsfólks kemur m.a. fram að:

- Þátttakendur voru bæði stjórnendur og almennt starfsfólk, þ.e. leikskólakennarar og stuðningsfulltrúar. Fjórir þátttakendur voru við vinnu í leikskólum og þrír í grunnskólum Hjallastefnunnar.
- Þau gefa ýmsar ástæður fyrir því að vinna hjá Hjallastefnunni. Þau kynntust hugmyndafræðinni á mismunandi hátt, sum í kennaranámi, önnur uppalin í stefnunni. En þau voru nokkuð sammála um að þau væru að vinna þar, frekar en í öðrum skólum, út af því að þeim líkaði við hugmyndafræðina.
- Þátttakendur voru nokkuð sammála um að þau hafi lært sjálfskoðun í gegnum Hjallastefnuna. Það hafi verið mannbætandi að vinna í jákvæðu umhverfi þar sem eru, góð samskipti, virðing fyrir öllum og reynt að uppfylla ólíkar þarfir allra. Sumir nefna gleði og kærleik og aga. Það að brosa skipti miklu máli. Einn þátttakandi fer yfir meginreglurnar og mikilvægi þeirra.
- Þátttakendur mæla með að vinna hjá Hjallastefnunni, en einn bendir á að það sé gott að kynna sér stefnuna og sjá hvort þetta passi fyrir mann eða ekki og annar nefnir að fólk þurfi að vera tilbúið að vinna eftir meginreglunum. Þátttakendur nefna kærleiksríka umhverfið, gleðina, skýrar og stuttar boðleiðir og vinnureglur, eflingu í starfi og að hlustað sé á starfsfólk.
- Allir eru sammála um að það mætti vera meira um karlmenn í starfsmannahópnum, það sé betra fyrir börnin að hafa bæði kynin og líka fyrir starfsfólkið.
- Ef maður vill vinna hjá Hjallastefnunni þarf að senda umsókn og fara svo í starfsviðtal. Það er hægt að sækja um á vefnum. Starfið byrjar á þjálfun m.a. fræðslu um meginreglurnar og það er tekið vel á móti fólk.
- Hér eru allir sammála um að vinna hjá Hjallastefnunni hafa jákvæð áhrif á sig, það er út af því að þeim finnst Hjallastefnan vera góður staður til að vinna á. Þau nefna gleðina, jákvæðnina, fagmennsku, sameiginleg markmið og kærleikann sem sé í starfinu. Það líði öllum betur að vera jákvæður.

- Flestir þátttakendur hafa eða myndu senda börn sín í skóla á vegum stefnunnar, allavega þeir sem höfðu tök á því, en nefna að þau ráði auðvitað ekki í hvaða skóla barnabörnin fara. Sum barnabörnin eru í skólum á vegum stefnunnar.
- Þátttakendur nefna mismunandi atriði um það hvað þeim líki vel hjá Hjallastefnunni eins og námsskrána, meginreglurnar, samskiptin við alla, börn, foreldra, samstarfsfólk, röð og regla, hópastarfið, vinnustyttingin, væntumþykjan og virðingin, orðin í „verkfærakistunni“ þ.e. að nota jákvæð skilaboð í staðinn fyrir neikvæð. Eina neikvæða sem kom fram var að það mættu vera fleiri karlmenn á vinnustaðnum.
- Hér eru allir sammála að það mætti vera fleiri skólar á vegum Hjallastefnunnar, sérstaklega til að gefa foreldrum val og til að svara eftirspurn eftir mismunandi skólum.

5.4 Svör fyrrverandi starfsfólks

Í svörum fyrrverandi starfsfólks kemur m.a. fram að:

- Þátttakendur voru bæði stjórnendur og almennir starfsmenn, þ.e. leikskólakennarar og stuðningsfulltrúar. Fjórir þátttakendur voru við vinnu í leikskólum og þrír af þeim unnu líka í grunnskólum Hjallastefnunnar.
- Þátttakendur hafa ýmsar ástæður fyrir því að hafa byrjað að vinna hjá Hjallastefnunni. En þau eru nokkuð sammála um að þau hafi farið vinna þar, frekar en í öðrum skólum, út af því að þeim líkaði við hugmyndafræðina.
- Þátttakendur eru nokkuð sammála um að það séu jákvæðni og samskipti sem þau hafi helst lært. Sumir nefna gleði og kærleik, vináttu og aga.
- Hér eru allir þátttakendur sammála um að það sem þær lærðu hafi þær notað í vinnu annars staðar og nefnd eru samskipti, mennskuna og manngæskuna.
- Allir þátttakendur eru sammála um að þær voru ánægðar að vinna hjá Hjallastefnunni, þær hafi fengið góða reynslu og óvenjuleg tækifæri t.d. skólasamstarf við fjarlæg lönd. Þátttakendur hafa gleymt að svara hvort þær séu ánægðar þar sem þær vinna núna nema ein sem er ánægð.
- Hér eru allir þátttakendur sammála um að það hafi verið kominn tími til að breyta til, þótt allar hafi verið ánægðar í starfinu.
- Einn þátttakandi er hættur að vinna, en aðrir nefna að vinnustaðirnir séu öðruvísi, ekki fóru allir að vinna áfram í skóla, en ef það var skóli þá var hann ekki kynjaskiptur og stærri en Hjallastefnuskólinn.
- Hér eru allir þátttakendur sammála um að vinna hjá Hjallastefnunni hafa jákvæð áhrif á sig. Þær nefna þar að hugmyndafræðin hafi hjálpað sér m.a. í samskiptum, vegna jákvæðinnar og kærleikans, líka eignast vini fyrir lífið. En einn nefnir líka að öll reynsla hafi áhrif á mann í lífinu.

- Sumir þátttakendur höfðu sent börnin sín í Hjallastefnuskóla og myndi mæla með að barnabörnin fara líka í skóla á vegum stefnunnar. Einn þátttakandi nefnir erfiðleika barnsins við að skipta yfir í almennan skóla.
- Hér segir starfsfólkið að þeim líki hvernig er komið fram við börnin, hvernig kennararnir eru og virðingin og jákvæðni. Neikvæðir þættir voru smæð grunnskólastarfsins og hröð uppbygging og að stíf kynjaskipting gæti verið flókin.
- Allir þátttakendur eru sammála að það mætti vera fleiri skólar á vegum Hjallastefnunnar m.a. af því að það er gott að hafa fjölbreytt val á skólum fyrir börnin.

5.5 Rannsóknarspurningin og tilgáturnar

Svörin frá þátttakendum gefa góðar upplýsingar fyrir rannsóknarspurningu, og svarar því hver þeirra reynsla af Hjallastefnunni var og áhrifin á lífið, skoðanir og ákvarðanir. Aðallega kemur fram að þau hafa almennt góða reynslu og hafa jákvætt viðhorf og eru glöð í lífinu. Það kemur ekki beint fram hvernig þetta hefur áhrif á ákvarðanir þeirra, en starfsfólk sá ekki eftir því að vinna hjá Hjallastefnunni. Það sést í svörunum að þátttakendur voru ánægðir með að hafa kynnst Hjallastefnunni, að það hafi hjálpað þeim í lífinu og starfinu. Þeim fannst líka gott að það væru ekki allir skólar eins og það væri hægt að velja hvers konar skóla börnin fara í, ef maður vill eitthvað annað en venjulega skólann, sem hefur áhrif á samfélagið.

Einn nemandi svaraði frekar hlutlaust eða neikvætt og fannst reynslan og áhrifin frekar neikvæð og sama var hjá foreldri þessa nemanda, það kom ekki fram hvort að þessir þátttakendur hefðu viljað velja annan skóla.

Tilgáturnar fyrir hópana voru að hluta til staðfestar:

1. Þátttakendum fannst almennt Hjallastefnan hafa haft jákvæð áhrif á sitt líf. Þátttakendum finnst að það væri jákvætt að hafa fleiri Hjallastefnuskóla svo að foreldrar hafi val og það er jákvætt fyrir samfélagið. Tveim þátttakendum fannst áhrifin ekkert mjög jákvæð, eiginlega frekar neikvæð. Nemendum finnst skólavistin hafa hjálpað þeim með samskipti, jákvæðni, gleði og sjálfstraust.
2. Flestir foreldrar sem völdu Hjallastefnuna fyrir eitt barn völdu eða myndu velja hana fyrir hin börnin sín líka og mæla með henni fyrir önnur börn t.d. barnabörn.
3. Flestum nemendum fannst þeir vera sjálfsöruggir og ganga vel. En það kom ekki beint fram hvað miklu máli kynjaskiptingin skipti í því. Það kom samt fram að kynjaskiptingin hjálpaði af því að þá var umhverfið rólegra og allir fengu tækifæri. Það kom ekki heldur beint fram hvort að þeim fyndist þeim ganga vel í námi út af Hjallastefnunni, en það kom fram að þeim fannst þeir vera vel undirbúnir undir næsta skólastig. Nemendum finnst líka almennt að kennsluáferðir Hjallastefnunnar hjálpuðu þeim að læra.

4. Starfsfólk sem hefur unnið hjá Hjallastefnunni var ánægt í starfi og notar hugmyndirnar áfram á næsta vinnustað af því að þeim finnst mikilvægt að halda í jákvæðnina og gleðina.
5. Starfsfólk sem er að vinna hjá Hjallastefnunni er ánægt í starfi, ástæðurnar koma fram undir tilgátu 1. Það kom ekki beint fram að allir vildu vinna þar áfram.

6 Umræða

Almennt er mikil jákvæðni fyrir Hjallastefnunni og Hjallastefnuskóla hjá þátttakendum, alveg sama hvort það eru fyrrverandi nemendur, foreldrar, núverandi starfsfólk eða fyrrverandi starfsfólk. Þeim finnst almennt að Hjallastefnan hafi hjálpað sér í lífinu og starfinu, með því m.a. að kenna jákvæðni, virðingu, kærleika og vináttu. Flestum finnst það mættu vera fleiri Hjallastefnuskólar því það sé gott fyrir foreldra að geta valið í hvernig skóla þeir senda börnin sín. Fram kemur að það er mikill kynjahalli hjá Hjallastefnunni, eins og er almennt í kennarastörfum í öðrum skólum.

Það kemur samt fram í hlutlausum eða frekar neikvæðum svörum að einum nemanda virðist ekki hafa liðið vel í skólanum og það kemur líka fram í svörum foreldris þessa nemanda. Þannig að það gæti verið að það þyrfti að fylgjast betur með hvernig nemendum líður almennt, en taka skal fram að einungis er um einn nemenda af sex að ræða sem tóku þátt. Það styður skoðun eins starfsmannsins að ef börnunum líður vel þá líður foreldrunum líka vel. Það kemur fram að fyrrverandi og núverandi starfsmenn voru/séu ánægðir í starfi, en að fyrrverandi starfsmenn hættu af því að þeir vildu prófa eitthvað nýtt. Ekki kemur beint fram hvort núverandi starfsmenn vilja vinna þar áfram (vantaði beina spurningu um það).

Svörin frá þátttakendum eru að mestu leyti á sömu nótum og niðurstöður rannsóknanna sem skrifað er um í kafla 3, þ.e. ánægja starfsfólks, líðan barnanna, námsárangur, samskipti og sjálföryggi.

Ekki virtust allir þátttakendur hafa skilið allar spurningarnar. Þannig voru svörin mismunandi eða vantaði. Sumar spurningarnar voru svo líkar að þátttakendur vísuðu í svör við fyrri spurningum. Það vantaði líka spurningar sem væru orðaðar þannig að þær myndu svara tilgátunum beint, t.d. að spyrja beint hvort og hvaða ákvarðanir og skoðanir Hjallastefnan hefur haft áhrif á. Það sýnir að það er mikill vandi að gera spurningar sem allir skilja á sama hátt og svara öllum atriðum sem eru í rannsóknarspurningu og tilgátum.

Niðurstöðurnar svara rannsóknarspurningunni og sanna tilgáturnar að mestu leyti. Þær benda til að Hjallastefnan hafi jákvæð áhrif á fólk sem kynnist henni og þá má álykta að hún hafi jákvæð áhrif á samfélagið líka, af því að jákvætt fólk getur búið til jákvætt samfélag. Það kom samt ekki beint fram hvaða áhrif Hjallastefnan hafði á ákvarðanir þátttakenda. Það þarf samt að taka fram eins og sagt er í framkvæmda kaflanum að þetta er könnun með fáum þátttakendum í heild (24) og fáum í hverjum hópi (5-7). Þátttakendur voru valdir af því að höfundur þekkti til, þeir voru úr einum árgangi, tengdust flestir einum grunnskóla og einum leikskóla, nemendur voru flestir börn þeirra foreldra sem svöruðu könnuninni og þátttakendur voru í meirihluta konur (19) og fáir karlar (5). Það þýðir að ekki er hægt að alhæfa um niðurstöðurnar þótt þær gefi vísbendingu um jákvæð áhrif Hjallastefnunnar á þátttakendur

og samfélagið, sérstaklega af því að þessar niðurstöður eru svo til sammála niðurstöðum rannsókna sem voru skoðaðar.

7 Lokaorð

Þó að rannsóknin hafi verið með takmörkuðum hópi af völdum þátttakendum úr fáum skólum fengust góð svör við rannsóknarspurningunni „*Hver er reynsla þín af Hjallastefnunni, hver eru áhrif hennar á líf þitt, skoðanir og ákvarðanir?*“ og góð mynd af því hvernig þátttakendum líður eftir að hafa reynslu af Hjallastefnunni.

Tilgáturnar voru staðfestar að mestu leyti. Niðurstöður benda til þess að Hjallastefnan hafi góð og jákvæð áhrif á fólk og styrkja það í lífi og starfi. Þær benda líka til þess að það sé mikilvægt að hafa val um skóla og fjölga karlkyns kennurum í grunn- og leikskóla. Tryggja þarf að öllum nemendum líði vel og þeim mætt á allan mögulegan hátt.

Lærdómurinn af verkefninu fyrir höfundinn er m.a. að það er dálítill vandi að semja spurningar sem gefa skýr svör við rannsóknarspurningu og tilgátum, svo að ekki verði endurtekning eða að eitthvað vanti. Til þess þarf að vera búinn að lesa vel um fræðin áður en spurningar eru gerðar. Það þarf líka að skipuleggja vinnuna vel, gera góða áætlun, þannig að allt gangi upp.

Höfundur var sjálf ánægður með að vera í skóla Hjallastefnunnar og finnst það hafa haft góð áhrif á sitt líf. Höfundur hefur líka unnið í sumarstarfi og í fríum hjá Hjallastefnunni, líkar það vel og stefnir á að vinna áfram hjá Hjallastefnunni. Niðurstöður verkefnisins og rannsókna passa þess vegna nokkuð vel við skoðanir höfundar um Hjallastefnuna. Það er t.d. mikilvægt að hafa mismunandi skóla fyrir foreldra að velja úr fyrir börnin sín því að það hentar ekki eitt öllum, t.d. að vera í fjölmönnum skóla eða fámönnum, vera í kynjaskiptum eða í blönduðum hópum (bekkjum), litlum hópum (bekkjum) eða stórum. Svo hefur höfundur góða reynslu af því hvernig talað er við börnin þ.e. notað jákvætt orðalag og sagt „*þetta er ekki í boði*“ í staðinn fyrir að banna, ávarpa börnin með „*kæra vinkona / kæri vinur*“. Verkefnið var mjög skemmtilegt, sérstaklega af því að höfundur þekkir vel til Hjallastefnunnar og stefnir á að vinna þar í framtíðinni. Höfundur þakkar öllum þátttakendum fyrir að hafa gefið sér tíma til að svara spurningunum og leiðbeinandanum fyrir aðstoðina.

Heimildir

Heimildir eru eftirfarandi bækur, ritgerðir og vefsíður.

Agnes Friða Gunnlaugsdóttir, Agnes Veronika Hauksdóttir. (2010). *Jöfn en ólík: tvær ólíkar leiðir til að stuðla að kynjajafnrétti í leikskólum*. [Bed ritgerð við Háskóla Íslands, Menntavísindasvið].

Skemman. <https://skemman.is/handle/1946/6481>

Anton Helgi Hannesson. (2022). *Kynjaskipt skólustarf: reynsla nemenda og kennara á yngsta stigi grunnskóla – Gender segregated school: the experience of students and teachers in a primary school in Iceland*. [MA ritgerð við Háskóla Íslands, Menntavísindasvið, Deild faggreinakennslu] Skemman.

<https://skemman.is/handle/1946/42414>

Berglind Kristinsdóttir. (2009). *Frá orðum til athafna: Gildi leiksins sem námsaðferð í samræmi við hugmyndafræði Hjallastefnunnar*. [B.Ed ritgerð við Háskóla Íslands, Menntavísindasvið,

Kennaradeild]. Skemman. <https://skemman.is/handle/1946/3694>

Harpa Vilborg R. Schram. (2020). *Job satisfaction within kindergartens of Hjallastefnan : the perspective of employees towards factors affecting their job satisfaction*. [Bed ritgerð við Háskólann í Reykjavík, Samfélagssvið, Sálfræðideild]. Skemman. <https://skemman.is/handle/1946/35942>

Helga María Finnbjörnsdóttir. (2014). *Former students of Hjallastefnan and their leadership self-perceptions*. [Med ritgerð við Háskólann í Reykjavík, Samfélagssvið, Viðskiptadeild]. Skemman. <https://skemman.is/handle/1946/18621>

Hjallastefnan. (e.d. -a). *Saga Hjallastefnunnar*. <https://www.hjalli.is/saga-hjallastefnunnar/>

Hjallastefnan. (e.d. -b). *Kynjanámsskrá*. <https://www.hjalli.is/kynjanamskra/>

Hjallastefnan. (e.d. -c). *Meginreglur*. <https://www.hjalli.is/meginreglur/>

Hjallastefnan. (e.d. -d). *Rekstrarform*. <https://www.hjalli.is/rekstrarform/>

Hjallastefnan. (e.d. -e). *Stefnur*. <https://www.hjalli.is/stefnur/>

Hjallastefnan. (e.d. -f). *Svona er Hjallastefnuskóli*. <https://www.hjalli.is/svona-er-hjallastefnuskoli/>

Hjallastefnan. (e.d. -g). *Vinnustaðurinn*. <https://www.hjalli.is/vinnustadurinn/>

Hjallastefnan. (e.d. -h). *Barnaskólarnir okkar*. <https://www.hjalli.is/leikskolarnir-okkar/> og <https://www.hjalli.is/barnaskolarnir-okkar/>

Jón Gunnar Bernburg. (2005, 21. 11). *Hvernig útskýrir maður aðferðafræði félagsvísinda?*

Vísindavefur Háskóla Íslands, [Vísindavefurinn: Hvernig útskýrir maður aðferðafræði félagsvísinda?](https://www.hjalli.is/vissindavefurinn/) ([vissindavefur.is](https://www.hjalli.is/vissindavefur.is))

Margrét Pála Ólafsdóttir. (1992). *Æfingin skapar meistarann! Leikskóli fyrir stelpur og stráka*. Mál og menning, Reykjavík 1992.

Margrét Pála Ólafsdóttir. (2011). *Uppeldi er ævintýri*. Bókafélagið BF-útgáfa, Reykjavík, 2011.

Margrét Pála Ólafsdóttir. (2014). *Hjallastefnan. Handbók leikskóla*. Hjallastefnan ehf, Reykjavík, 2014.

Margrét Pála Ólafsdóttir. (2015). *Gleðilegt uppeldi – góðir foreldrar*. Bókafélagið BF-útgáfa, Reykjavík, 2015.

Nora Elisabeth Christine Jacob. (2023). *Teacher Well-being and Functionality of Educational Models: a Study of Icelandic Playschools*. [MA ritgerð við Listaháskóla Íslands, Listkennsludeild]. Skemman. <https://skemman.is/handle/1946/43326>

Sveindís V. Þórhallsdóttir. (1991). *Félagsleg sjálfstrú og sjálfstraust barna í Hjallastefnunni*. [BS ritgerð við Háskóla Íslands, Heilbrigðisvísindasvið]. Skemman. <https://skemman.is/handle/1946/18423>

Vilborg Grétarsdóttir. (2013). *Áhrifaþættir starfsánægju hjá starfsfólki Hjallastefnunnar ehf*. [MA ritgerð við Háskóla Íslands, Félagsvísindasvið]. Skemman. <https://skemman.is/handle/1946/13654>

Viðaukar

Viðauki 1 Spurningarnar fyrir þátttakendur

Spurningar fyrir fyrrverandi nemendur

1. Hvað lærðir þú við að vera nemandi í Hjallastefnu leikskóla/skóla?
2. Hvaða áhrif hafði það á þig að vera í skóla á vegum stefnunnar?
3. Hvað kenndi Hjallastefnan þér?
4. Hvað finnst þér um skóla sem eru á vegum stefnunnar? Eiga að vera fleiri svona skólar?
5. Það sem þú lærðir hjá Hjallastefnunni, notaðir þú það í næsta skóla sem þú fórst í? Ef já, hvað var það?
6. Hvernig notar þú það sem þú lærðir hjá Hjallastefnunni í venjulega lífinu?
7. Hefðir þú viljað sleppa að fara í skóla á vegum stefnunnar? Ef já, af hverju. Ef nei, af hverju?
8. Hvað finnst þér um að hafa stúlkur og drengi í sitthvoru lagi í skólanum – kynjaskiptingin hvernig virkaði hún?
9. Finnst þér að hafa verið í Hjallastefnuskóla hjálpað þér í lífinu? Ef já þá hvernig, ef nei þá af hverju? Var það jákvætt eða neikvætt?
10. Hefur þú unnið í, eða vinnur þú núna í Hjallastefnuskóla eða mundir þú vilja vinna í Hjallastefnuskóla í framtíðinni?
11. Mundir þú senda börnin þín í Hjallastefnuskóla þó að hann væri ekki hverfissskólinn? Af hverju?

Spurningar fyrir foreldra

1. Hvað átt þú mörg börn?
2. Fóru börnin þín í Hjallastefnu leikskóla eða grunnskóla? Ef já, hvers vegna ákvaðstu að senda barnið þitt þangað? Skipti máli hvort Hjallastefnuskólinn var ykkar hverfissskóli eða ekki?
3. Ef þú átt fleiri börn og þau fóru ekki öll í Hjallastefnuskóla, af hverju var það?
4. Hvaða áhrif hafði það á þig að eiga barn í skóla á vegum stefnunnar? Voru áhrifin jákvæð eða neikvæð?

5. Hvað finnst þér um kynjanámskrá Hjallastefnunnar og áhrifin á stúlkur og drengi?
6. Hvað finnst þér best við Hjallastefnuna, fremur en aðra skóla?
7. Hvert er þitt viðhorf á skóla sem eru á vegum stefnunnar?
8. Hvaða breytingar sástu á barninu eftir dvölinu í Hjallastefnuskóla og þegar það fór aftur í venjulegan grunnskóla? t.d. námið, samskipti, persónuleiki, sjálfstraust, ...? Sama ef barnið var í öðrum skóla og fór svo í Hjallastefnuskóla.
9. Hefðir þú viljað að barnið þitt væri í venjulegum grunnskóla í stað Hjallastefnunnar? Ef já, af hverju. Ef nei, af hverju?
10. Ef þú eignast eða átt barnabörn mælir þú með því að þau fari í Hjallastefnuskóla?

Spurningar fyrir fyrrverandi starfsfólk

1. Varst þú að vinna í leikskóla eða í grunnskóla Hjallastefnunnar? Í hvaða starfi?
2. Af hverju fórstu að vinna hjá Hjallastefnunni?
3. Hvað lærðir þú við að vinna í Hjallastefnu skóla?
4. Það sem þú lærðir við að vinna við hjá Hjallastefnunni notaðir þú það í kennslu í öðrum skóla þar sem þú varst að vinna eða þar sem þú vinnur núna?
5. Hvernig fannst þér að vinna á vegum Hjallastefnunnar, varstu ánægð/ánægður/ánæggt? En þar sem þú ert núna?
6. Hefðir þú viljað vinna áfram á vegum Hjallastefnunnar? Eða vildir þú prufa nýtt?
7. Hvernig er þinn vinnustaður núna öðruvísi en þegar þú varst hjá Hjallastefnunni?
8. Finnst þér að vinna hjá Hjallastefnunni hafi haft jákvæð áhrif á lífið þitt? Hvernig?
9. Hefur þú sent eða mundir þú senda börnin þín í Hjallastefnu skóla? En barnabörnin? Þótt hann sé ekki hverfissskóli?
10. Hvað líkaði þér vel hjá Hjallastefnunni, hvað líkaði þér ekki vel?
11. Finnst þér að það ættu að vera fleiri Hjallastefnuskólar?

Spurningar fyrir núverandi starfsfólk

1. Í hvaða starfi ertu hjá Hjallastefnunni, ertu í leik- eða grunnskóla?
2. Af hverju ertu að vinna hjá Hjallastefnunni?
3. Hvað hefur þú lært við að vinna í Hjallastefnu skóla?
4. Hvernig finnst þér að vinna hjá Hjallastefnunni, ertu ánægð/ánægður/ ánægt?
5. Myndirðu mæla með Hjallastefnuskóla sem vinnustað? Af hverju?
6. Finnst þér að kynjahlutföll samstarfsfólks mætti vera betra? Ef já, hvernig þá?
7. Hvernig er það gert hjá Hjallastefnunni þegar nýr starfsmaður byrjar eða þegar einhver vill sækja um vinnu?
8. Finnst þér að vinna hjá Hjallastefnunni hafi jákvæð áhrif á lífið þitt? Hvernig?
9. Hefur þú sent eða mundir þú senda börnin þín í Hjallastefnuskóla? En barnabörnin? Þótt hann sé ekki hverfissskóli?
10. Hvað líkar þér vel hjá Hjallastefnunni, hvað líkar þér ekki vel?
11. Finnst þér að það ættu að vera fleiri Hjallastefnuskólar?

Viðauki 2 Áætlun fyrir verkefnið

| Hvað á að gera | Hvenær | Búið |
|---|-----------------------|---|
| Velja efni og fá samþykki kennara BJ | 8.-12. janúar | x |
| Framvinduviðtal við kennara BJ | 29.janúar – 2.febrúar | x |
| Finna leiðbeinanda RÓ og fá samþykki hjá kennara BJ | 5. febrúar | x |
| Velja þátttakendur | 15. janúar | x |
| Skrifa drög fyrir rannsóknarspurningu | 15. janúar | x |
| Skrifa drög fyrir fræðilega hlutann | 11.febrúar | x |
| Skrifa drög fyrir spurningarnar | 11.febrúar | x |
| 1. drög til RÓ | 15.febrúar | x |
| 1. framvindumat til BJ | 4.mars | x |
| 1. fundur með RÓ | 6.mars | x |
| Framvinduviðtal við BJ | 4.-8.mars (8.mars) | x |
| Bæta við úr bókum í ritgerð | 11.mars | x |
| Spurningar til þátttakenda Skila fyrir 23.mars | 12.mars | x |
| Vinna í fræðilega kaflanum | 12.-22.mars | x |
| Svör frá þátttakendum komin | 23.mars | Sumir búnir að skila 20.mars |
| 1. uppkast til kennara BJ | 18.-22.mars 20.mars | x |
| 2. drög | 18.-22.mars 20.mars | x |
| PÁSKAFRÍ | 25.-29.MARS | FER ADEINS FYRR Í PÁSKAFRÍ 😊 |
| Safna saman svörum frá þátttakendum | 2.apríl -5.apríl | x |
| Samtal við RÓ | 3.apríl | x |
| Fá svör frá fyrrverandi starfsfólki | 5.apríl | Það þurfti að velja nýja þátttakendur því það voru ekki allir sem svöruðu |
| 2. framvindumat til BJ | 8.apríl | x |
| Framvinduviðtal við BJ | 8.-13.apríl | x |
| Vinna úr svörum þátttakenda og fræðilegi kaflinn | 8.-13.apríl | x |
| 3. drög fyrir niðurstöður til RÓ | 8.-13.apríl | x |
| Öll svör komin frá fyrrverandi starfsfólki | ??apríl | x |
| Samtal við RÓ, vinna úr leiðbeiningum RÓ | 16.-19.apríl | x |

| | | |
|-------------------------------|----------------|--|
| 2. uppkast til BJ | 22.-26.apríl | x |
| 3. drög til RÓ | 22.-26.apríl | x |
| Klára að skrifa lokaverkefnið | 30.apríl-3.maí | x |
| Skila lokaverkefni | 5.maí | x |
| Vinna að gera kynningu | 6.-10.maí | Í vinnslu þegar ritgerð var skilað |
| Kynning | 13.-17.maí | Það var ekki búið að ákveða daginn þegar ritgerð er skilað |